



Umf. Sindri

Frjálsíþróttadeild

Aðalfundur 20. febrúar 2020
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2019

Skýrsla stjórnar Frjálsíþróttadeildar 2019

Þjálfaramál hjá deildinni halda áfram að vera okkur áhyggjuefni og það virðist vera erfitt að ná einhverjum stöðugleika í þeim efnum. Síðastliðinn vetur sá Áróra Dröfn Ívarsdóttir um þjálfun og í sumar fengum við stelpu sem heitir Marlyn Campa til þess að þjálfar en hún var einnig leikmaður hjá M.flk.kvenna. Í sumar vorum við heppin að fá Bjarna Malmquist til þess að vera með nokkrar æfingar fyrir Unglingalandsmótið. Á haustönn 2019 var enginn þjálfari en við fengum Kolbrúnu Björnsdóttur til þess að vera með námskeið í Sporthöllinni fyrir unglunga í þrek og styrk og það námskeið var mjög vel sótt. Í maí héldum við 2ja daga héraðsdómaranámskeið í Frjálsum íþróttum þar sem reglur Frjálsíþróttasambands Íslands fara fram á að það séu fullgildir dómarar í hverri grein í frjálsum á móti eins og Unglingalandsmótinu og kláruðu 12 manns námskeiðið sem lauk með prófi.

Unglingalandsmótið átti hug okkar allan í sumar og fór mikil vinna í bæði undirbúning mótsins og mótið sjálft. Við fengum bæjarvinnuna í lið með okkur að kynna allar þær fjöldamörgu greinar sem hægt var að keppa í á Unglingalandsmótinu. Haldnar voru tvær kynningar í Heklu fyrir krakkana í vinnuskólanum og einnig yngri krakka, Anna Birna sá um þær og gerði það með glæsibrag, hún fór vel yfir það hvaða greinar væru í boði, hvaða afþreying væri á mótinu og hvernig hennar upplifun sem keppanda á þessum mótum hafi verið. Í framhaldi af kynningunum buðum við upp á kynningu á frjálsum íþróttum og fríar æfingar sem voru vel sóttar. Keppendur í frjálsum íþróttum voru tæplega 400 og skráningar 1200. Við vorum með 80 sjálfboðaliða á frjálsíþróttavellinum sjálfum í þrjá daga. Okkar keppendur stóðu sig virkilega vel og við erum stolt af okkar fólki en meðal þeirra voru bæði keppendur sem hafa keppt áður á mótum og aðrir sem voru að keppa í fyrsta skipti. Áhöld voru úr sér gengin og aðstaða á vellinum farin að láta á sjá svo mikil vinna var fyrir höndum sem var kláruð rétt fyrir mótið. Það var margt sem hefði verið hægt að ljúka mun fyrr, en þetta hófst allt að lokum en skipulagið hefði mátt vera mun betra ef haft er í huga að það var vitað nokkrum árum áður að mótið yrði í Ágúst 2019. Það fór mikill tími í það að finna út og fá leyfi til að endurnýja áhöld, margt á íþróttavellinum sjálfum er í ólagi og það tók allt of langann tíma að koma honum í gott stand. Við þurftum að útvega 80 sjálfboðaliða á frjálsíþróttavöllinn, setja upp alla tímaseðla og alla dagskrá. Afrakstur þessarar vinnu minnti þó helst á söguna um litlu Gulu hænuna þegar átti að deila ágóðanum, þar sem mörg verk voru á höndum tveggja aðila í frjálsíþróttadeildinni og þegar kom að leiðarlokum þá virtust ansi margir vilja sneið af kökunni góðu sem við hefðum fagnar vilja fá meiri aðstoð við að vinna. Það má huga að þessu fyrir næsta Unglingalandsmót í tíma.

Æfingar byrjuðu aftur af fullum krafti núna í janúar og sér Harpa Sigríður Óskarsdóttir um þær, það eru frjálsíþróttæfingar í íþróttahúsinu og þrekæfingar í Bárinni. Þessar endalausar gulu veðurviðvaranir sjá líka til þess að starfið hnökrar, Gamlárshlaupinu sem átti að verða árlegur viðburður var frestað vegna veðurs og erum við nú að leggja höfuðið í bleyti og munum eflaust breyta því í Páskahlaup eða sumardagurinn fyrsta hlaup. Það mun koma í ljós. Þökkum fyrir okkur og þeim aðilum sem styrktu okkur árið 2019.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir			
Lottó.....		195.453 kr.	66.745 kr.
Sveitarfélagið (og lottó 2017).....		0 kr.	159.000 kr.
UMFÍ Styrkur.....		0 kr.	100.000 kr.
Landsmótssjoppa.....		166.666 kr.	0 kr.
Fyrirtækjastyrkir.....		80.000 kr.	80.000 kr.
Ferðastyrkur ÍSÍ.....		12.200 kr.	0 kr.
Æfingagjöld.....		243.699 kr.	133.306 kr.
Aðrar tekjur.....		30.000 kr.	14.000 kr.
Gamlárshlaup.....		33.500 kr.	31.650 kr.
Samtals		761.518 kr.	584.701 kr.
<hr/>			
Rekstrartekjur Alls		761.518 kr.	584.701 kr.
<hr/>			
Rekstrargjöld			
Laun og verktakagr.....		480.329 kr.	236.000 kr.
Áhöld og tæki.....		415.510 kr.	0 kr.
Auglýsingar.....		35.960 kr.	0 kr.
Afreksstarf.....		51.232 kr.	0 kr.
Þak yfir hástökkisdýnu.....		0 kr.	92.000 kr.
Þátttökugjald í mótum.....		6.000 kr.	17.500 kr.
Þjónustugjald FRÍ.....		17.000 kr.	17.000 kr.
Samtals rekstrargjöld		1.006.031 kr.	362.500 kr.
<hr/>			
Rekstarhagnaður (-tap)		-244.513 kr.	222.201 kr.
<hr/>			
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur.....		4.752 kr.	1.343 kr.
Vaxtagjöld.....		1.284 kr.	0 kr.
Fjármagnsskattur.....		1.046 kr.	295 kr.
Samtals		2.422 kr.	1.048 kr.
<hr/>			
Hagnaður (-tap) ársins		-242.091 kr.	223.249 kr.
<hr/>			

Efnahagsreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki.....		0 kr.	0 kr.
Samtals		0 kr.	0 kr.
Veltufjármunir			
Innistæður á bankareikningum.....		983.167 kr.	1.225.258 kr.
Samtals		983.167 kr.	1.225.258 kr.
Eignir samtals		983.167 kr.	1.225.258 kr.
Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Launatengd gjöld v. Des.....		0 kr.	0 kr.
Samtals		0 kr.	0 kr.
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs.....		1.225.258 kr.	1.002.009 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....		-242.091 kr.	223.249 kr.
Eigið fé í lok árs		983.167 kr.	1.225.258 kr.
Eigið fé og skuldir samtals		983.167 kr.	1.225.258 kr.